



# Dalabyggð

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra  
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Dalabyggð, 20. júlí 2020  
Málsnr. 2005027

**Efni:** Stofnun nýsköpunar- og frumkvöðlasteturs í Dalabyggð.

Í Dalabyggð horfum við til þess auka fjölbreytni í atvinnulífi. Eins og víða höfum við fundið fyrir samdrætti vegna afleiðinga heimsfaraldurs en á krefjandi tímum þarf að hugsa út fyrir rammann og meðal Dalamanna eru ýmsar hugmyndir í móton. Dalabyggð sér tækifærí í því að útbúa aðstöðu fyrir hugmyndaríka einstaklinga þar sem þeir hefðu rými til að vinna að verkefnum sínum og raungera viðskiptahugmyndir sem efti gætu atvinnulíf innan sveitarfélagsins. Einnig eru dæmi um að íbúum hafi staðið til boða atvinna án staðsetningar en skort hefur á aðstöðu til þess, sjáum við fyrir okkur að aðstöðuna væri einnig hægt að nýta fyrir slík störf.

Byggðarráð Dalabyggðar samþykkti að fela undirrituðum að undirbúa stofnun nýsköpunar- og frumkvöðlasteturs. Setrið sjálft, yrði í umsjá Dalabyggðar og samstarfs m.a. leitað við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og þá aðila sem taka við verkefnum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Þá er einnig ætlunin að leita eftir samstarfsverkefnum við fyrirtæki í sveitarfélagsinu og horfa til verkefna og starfa sem hægt er að vinna óháð búsetu utan höfuðborgarsvæðisins eða stærri byggðarkjarna. Nú þegar er verið að vinna að uppsetningu framleiðslueldhúss og mögulegri matarsmiðju á svæðinu. Þá er nauðsynlegt að skoða þau tækifærí sem gætu fylgt því ef verður af virkjun vindorku á svæðinu.

Nýsköpunar- og frumkvöðlastetur væri hægt að nýta til að stuðla að aukinni verðmætasköpun, eflingu atvinnulífs og bæta lífskjör íbúa sveitarfélagsins. Með stofnun þess væri ekki aðeins verið að útbúa aðstöðu heldur einnig byggja upp samfélag nýsköpunar innan Dalabyggðar sem veitir verkefnum og hugmyndum stuðning til að komast í framkvæmd.

Í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal er rými í eigu Ríkiseigna sem stendur að mestu autt. Einfaldast væri fyrir sveitarfélagið að halda utan um verkefnið ef það væri í sama húsi og stjórnsýsla þess. Sem dæmi um þjónustu sem myndi styðja vel við þetta verkefni má nefna að ráðgjafar SSV í atvinnu-, nýsköpunar- og menningarmálum eru með reglulega viðtalstíma í starfsrými sveitarfélagsins og þar eru einnig haldnir fundir sem eru samráðsvettvangur sveitarfélags, atvinnurekenda og fyrirtækja á svæðinu. Með því að ríkið myndi styðja við nýsköpunar- og frumkvöðlastetur með því að láta þetta rými undir starfsemi þess yrði ekki til neinn viðbótarkostnaður fyrir ríkið en ágóðinn til lengri tíma augljós.

Dalabyggð leitar til ráðherra ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunar og óskar eftir liðsinni til að láta framangreinda hugmynd verða að veruleika. Eru forsvarsmenn Dalabyggðar tilbúnir til frekara samtals og einnig að veita upplýsingar ef þess er óskað.

Með bestu kveðju og von um góðar undirtektir,

Fyrir hönd Dalabyggðar

  
Kristján Sturluson  
sveitarstjóri

  
SVEITARSTJÓRI  
DALABYGGÐAR